

Fjárlaganefnd Alþingis

Nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2019

Efni: Umsögn Ríkiskaupa um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber innkaup (markviss innkaup, keðjuábyrgð o.fl.), 442. mál

Ríkiskaup hafa fengið tækifæri til að koma að athugasemdum við frumvarpið við samningu þess í ráðuneytinu en vilja vekja athygli á eftirfarandi atriðum.

Umsögn um 6. gr. frumvarpsins

82. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 hljóðar svo í dag:

82. gr. Ógilt tilboð.

Tilboð skal talið ógilt ef það er ekki í samræmi við útbodsgögn, berst of seint, ef sönnun er fyrir leyfilegu samráði eða spillingu eða ef kaupandi telur það vera óeðlilega lágt. Tilboð telst jafnframt ekki uppfylla skilmála innkaupaferlis ef það er lagt fram af bjóðanda sem skortir nauðsynlegt hæfi eða dugir bersýnilega ekki, án verulegra breytinga, til að mæta þörfum kaupanda, eins og tilgreint er í útbodsgögnum.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að undirstrikaður 2. málsl. 1. mgr. falli brott en í stað komi svohljóðandi málsgrein.

Tilboð telst óaðgengilegt og ekki uppfylla skilmála innkaupaferlis ef það er lagt fram af bjóðanda sem skortir nauðsynlegt hæfi eða dugir bersýnilega ekki, án verulegra breytinga, til að mæta þörfum kaupanda, eins og tilgreint er í útbodsgögnum. Þá telst tilboð einnig óaðgengilegt ef bjóðandi býður hærra verð en fyrir fram ákveðin fjárhagsáætlun kaupanda gerir ráð fyrir, nema kaupandi hafi áskilið sér rétt til að taka slíku tilboði.

Ríkiskaup leggja til smávægilega breytingu svo að kaupendur, sem vilja og geta tekið tilboði sem er yfir kostnaðaráætlun, hafi rétt til þess. Ríkiskaup leggja til að lokasetning frumvarpsákvæðisins hljómi svo og komi í stað lokasetningar í framangreindu ákvæði frumvarpsins:

Kaupanda er heimilt að hafna tilboði sem óaðgengilegu ef það er yfir kostnaðaráætlun eða fjárheimildum hans.

Eins og ákvæðið hljómar í frumvarpinu, má ætla að ólöglegt verði að taka tilboði sem er yfir kostnaðaráætlun. Ekki megi taka því nema sérstakur áskilnaður hafi verið um það í útbodsgögnum. Hætt er við að kaupendur vari sig ekki á þessu.



Ef skylt er að líta á tilboð sem óaðgengilegt, sé það yfir kostnaðaráætlun, gæti það valdið miklum vandkvæðum í framkvæmd.

Ríkiskaup vilja að lokum leggja áherslu á að það er óviðunandi fyrir opinbera kaupendur ef þeir eru skyldaðir til að gera samninga sem eru yfir þeirra kostnaðaráætlunum og fjárheimildum. Opinberir aðilar sæta miklu aðhaldi í rekstri og verða að geta hafnað slíkum tilboðum.

F. h. Ríkiskaupa,

Dagmar Sigurðardóttir
sviðsstjóri lögfræðisviðs